

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Mitomycin medac, 40 mg, duft og leysir fyrir þvagblöðrulausn

mítómýsín

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Mitomycin medac og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Mitomycin medac
3. Hvernig nota á Mitomycin medac
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Mitomycin medac
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Mitomycin medac og við hverju það er notað

Mitomycin medac er lyf sem notað er til að meðhöndla krabbamein, þ.e. lyf sem kemur í veg fyrir, eða seinkar verulega, skiptingu virkra frumna með því að hafa áhrif á efnaskipti þeirra á ýmsan hátt (frumuhemjandi). Notkun frumuhemjandi efna við krabbameinsmeðferð byggir á þeirri staðreynd að eitt af því sem aðgreinir krabbameinsfrumur frá eðlilegum frumum er að þær skipta sér hraðar vegna þess að hömlur skortir á vöxt þeirra.

Ábendingar

Mitomycin medac er sett í þvagblöðru til að fyrirbyggja endurkomu yfirborðslægs krabbameins í þvagblöðru eftir að vefur þar sem krabbamein hefur komið fram hefur verið fjarlægður um þvagrás (brottnám um þvagrás).

2. Áður en byrjað er að nota Mitomycin medac

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum lækis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Mítómýsín má aðeins nota ef skýr ábending er fyrir notkun og þá af læknum sem hafa reynslu af slíkri meðferð.

Ekki má nota Mitomycin medac

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir mítómýsíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6),
- ef barn er á brjósti: ekki má gefa brjóst meðan á meðferð með mítómýsíni stendur,
- ef rof er á vegg þvagblöðrunnar,
- ef um er að ræða bólgur í þvagblöðrunni (blöðrubólga).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Mitomycin medac er notað.

Sérstakrar varúðar skal gætt þegar Mitomycin medac er notað

- ef almenn heilsa er slæm,
- ef starfsemi lungna, nýrna eða lifrar er skert,
- ef geislameðferð stendur yfir,
- ef meðferð með öðrum frumuhemjandi lyfjum stendur yfir (efnum sem hamla frumuvexti/-skiptingu),
- ef um er að ræða beinmergsbælingu (beinmergurinn getur ekki framleitt þær blóðfrumur sem þörf er á). Ástandið getur versnað (einkum hjá öldruðum og við langvarandi meðferð með mítómýsín); sýkingar geta versnað vegna fækkunar blóðfrumna og getur ástandið orðið banvænt,
- ef þú ert á barneignaraldri, vegna þess að mítómýsín getur haft áhrif á getuna til að eignast börn.

Ef þú færð kviðverki eða verki í kviðarhol sem koma fram strax eða nokkrum vikum eða mánuðum eftir notkun Mitomycin medac í blöðru skaltu láta lækinn vita tafarlaust. Hugsanlega þarf lækinn að framkvæma ómskoðun á kvið til að varpa ljósi á orsök verkjanna.

Mítómýsín er efni sem getur valdið verulegum, arfgengum breytingum á erfðaefni og getur hugsanlega valdið krabbameini hjá mönnum.

Forðast skal snertingu við húð og slímhimnur.

Lesið almennar leiðbeiningar varðandi hreinlæti eftir ídreypingu í þvagblöðru:

Mælt er með því að setjast niður við þvaglát til að koma í veg fyrir að þvag skvettist og að þvo hendur og kynfærasvæði eftir þvaglát. Þetta á einkum við um fyrstu þvaglát eftir notkun mítómýsíns.

Börn og unglingar

Ekki er mælt með notkun Mitomycin medac hjá börnum og unglungum.

Notkun annarra lyfja samhliða Mitomycin medac

Engar milliverkanir eru þekktar við gjöf mítómýsíns í þvagblöðru (ídreyping í þvagblöðru).

Hugsanlegar milliverkanir meðan á inndælingu eða innrennsli stendur í æð (gjöf í bláæð).

Ef önnur meðferðarform (einkum önnur krabbameinslyf, geislameðferð) sem einnig hefur skaðleg áhrif á beinmergin eru notuð samhliða er hugsanlegt að skaðleg áhrif mítómýsíns á beinmergin magnist.

Notkun samhliða vinca-alkalóíðum eða bleómýsín (lyf sem tilheyrir flokki frumuhemjandi efna) getur aukið skaðleg áhrif á lungun.

Aukin hættu á tilteknum nýrnasjúkdómi (blóðlýsupvageiturnarheilkenni) hefur komið fram hjá sjúklingum sem fá samhliðagjöf mítómýsíns og 5-flúorúrasíls eða tamoxífens í bláæð.

Niðurstöður úr dýrarannsóknnum sýna að áhrif mítómýsíns hverfa ef það er gefið samhliða B₆-vítamíni.

Ekki á að bólusetja með lifandi bóluefnum meðan á meðferð með mítómýsín stendur því það getur valdið aukinni hættu á smiti frá lifandi bóluefninu.

Skaðleg áhrif Adriamycins (doxórúbisíns, lyfs sem tilheyrir flokki frumuhemjandi efna) á hjartað geta aukist af völdum mítómýsíns.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Mítómýsín getur valdið arfgengum skemmdum á erfðæfni og getur haft neikvæð áhrif á fósturþroska. Því mega konur ekki verða þungaðar meðan á meðferð með mítómýsín stendur: Verðir þú þunguð skal veita erfðaráðgjöf.

Ekki á að nota mítómýsín á meðgöngu.

Læknirinn þarf að meta ávinning af meðferð gagnvart hættu á skaðlegum áhrifum fyrir barnið ef nauðsynlegt er að veita meðferð með mítómýsín á meðgöngu.

Brjóstagjöf

Mítómýsín skilst líklega út í brjóstamjólk. Stöðva á brjóstagjöf meðan á meðferð stendur með Mitomycin medac.

Frjósemi/Getnaðarvarnir hjá körlum og konum

Kynþroska sjúklingar verða að nota getnaðarvarnir eða ástunda skírlífi meðan á meðferð stendur og í 6 mánuði eftir að henni lýkur.

Mítómýsín getur valdið arfgengum skemmdum á erfðæfni. Karlmönnum sem fá meðferð með mítómýsín er því ráðlagt að geta ekki börn meðan á meðferð stendur og í 6 mánuði eftir að henni lýkur og eiga að fá ráðgjöf um varðveislu sæðis áður en meðferð hefst vegna hættu á óafturkræfri ófrjósemi af völdum meðferðar með mítómýsín.

Akstur og notkun véla

Jafnvel þegar lyfið er notað í samræmi við leiðbeiningar getur það valdið ógleði og uppköstum og þannig dregið svo úr viðbragðstíma að hæfni til aksturs og notkunar véla er skert. Þetta á einkum við þegar þú neytir áfengis samtímis.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni.

Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana.

Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn.

Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Mitomycin medac

Mitomycin medac er aðeins gefið af þjálfuðu heilbrigðisstarfsfólki.

Lyfið er ætlað til notkunar í þvagblöðru (ídreypi í þvagblöðru) eftir að hafa verið leyst upp.

Læknirinn mun ávísa skammti sem hentar þér.

Mitomycin medac er sett í tóma þvagblöðru við lágan þrýsting með hollegg. Heilbrigðisstarfsmaður tæmir þvagblöðruna fyrir meðferðina með þvaglegg. **Þú mátt ekki** kasta af þér vatni rétt áður en þú mætir í meðferðina. Lyfið á að vera í þvagblöðrunni í 1-2 klst. Til að gera það mögulegt skaltu ekki drekka of mikinn vökva fyrir meðferð, meðan á henni stendur eða eftir að henni lýkur. Meðan lausnin er í blöðrunni á hún að vera í nægri snertingu við allt yfirborð slímhúðarinnar og hreyfing gerir meðferðina árangursríkari. Eftir 2 klst. skaltu tæma blöðruna í sitjandi stöðu til að koma í veg fyrir að þvag skvettist.

Ef notaður er stærri skammtur af Mitomycin medac en mælt er fyrir um

Ef þú hefur fyrir mistök fengið of stóran skammt er hugsanlegt að þú fái einkenni á borð við hita, ógleði, uppköst og kvilla í blóði. Læknirinn getur gefið þér stuðningsmeðferð við þeim einkennum sem kunna að koma fram.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hugsanlegar aukaverkanir eftir ídreypingu í þvagblöðru (notkun í þvagblöðru)

Láttu lækninn vita tafarlaust ef vart verður við einhver af eftirfarandi viðbrögðum (sem örsjaldan hefur orðið vart við eftir ídreypingu í þvagblöðru), því þá þarf að hætta meðferð með mítómýsín:

- alvarleg ofnæmisviðbrögð, með einkennum á borð við yfirliðskenn, útbrot eða ofsakláða á húð, kláða, þrota í vörum, andliti og öndunarvegum ásamt öndunarerfiðleikum, meðvitundarleysi,
- alvarlegan lungnasjúkdóm sem lýsir sér sem mæði, þurr hósti og brakhljóð við innöndun (millivefslungnabólga),
- alvarleg starfstruflun í nýrum: nýrnasjúkdómur sem veldur því að þú hefur lítil sem engin þvaglát.

Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- bólgur í þvagblöðru (blöðrubólga) sem fylgt getur blóð í þvagblöðru/þvagi
- verkir við þvaglát (þvaglátstregða)
- tíð þvaglát að nóttu til (næturmiga)
- mikil og tíð þvaglát (þvaglátatíðni)
- blóð í þvagi (blóðmiga)
- staðbundin erting í vegg þvagblöðru
- staðbundin útbrot á húð (staðbundin útbrot)
- ofnæmisútbrot á húð
- útbrot á húð vegna snertingar við mítómýsín (snertihúðbólga)
- dofi, bólgur og sársaukafullur roði í lófum og iljum (roðapöt á lófum og iljum)

Mjög sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum

- útbrot um allan líkamann (útbreidd útbrot)

Koma örsjaldan fyrir: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum

- bólgur ásamt vefjaskemmdum í þvagblöðru (blöðrubólga með drepi)
- ofnæmisblöðrubólga (með rauðkyrningum)
- þrenging í þvagrásinni
- minnkuð rýmd blöðru
- kalkútfellingar í veggjum þvagblöðrunnar (kólkun í þvagblöðruvegg)
- breyting á hluta vefs í vegg þvagblöðru í bandvef (bandvefsmyndun í þvagblöðruvegg)
- minnkaður fjöldi hvítra blóðkorna (hvítfrumnafæð) sem eykur hættu á sýkingum
- minnkaður fjöldi blóðflagna (blóðflagnafæð) sem veldur mari og blæðingu
- altæk ofnæmisviðbrögð
- lungnakvillar sem valda andnauð, þurrum hósta og brakhljóði við innöndun (millivefslungnabólga)
- hækkuð gildi lifrarensíma (aukning transamínasa)
- hármisur
- ógleði og uppköst
- niðurgangur
- nýrnasjúkdómur (skert nýrnastarfsemi) sem valda því að þú hefur lítil sem engin þvaglát
- hiti

Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum

Ef mítómýsín berst á önnur svæði en í þvagblöðru fyrir slysi:

- skemmdir á blöðru
- graftarsekkur í kvið (kýli)

- dauður (fitu-) vefur (drep) á nærliggjandi svæði
- fistill í þvagblöðru

Hugsanlegar aukaverkanir eftir inndælingu eða innrennsli í æð (gjöf í bláæð)

Mjög algengar: geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- hindrun á framleiðslu blóðfruma í beinmerg (beinmergsbæling)
- minnkaður fjöldi hvítra blóðkorna (hvítfrumnafæð) sem eykur hættu á sýkingum
- minnkaður fjöldi blóðflagna (blóðflagnafæð) sem veldur mari og blæðingu
- ógleði og uppköst

Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- lungnakvillar sem valda andnauð, þurrum hósta og brakhljóði við innöndun (millivefslungnabólga)
- öndunarerfiðleikar (mæði), hósti, andnauð
- útbrot á húð (útbrot)
- ofnæmisútbrot á húð
- útbrot á húð vegna snertingar við mítómýsín (snertihúðbólga)
- dofi, bólgur og sársaukafullur roði í lófum og iljum (roðarþot á lófum og iljum)
- nýrnakvillar (skert nýrnastarfsemi, eiturverkun á nýru, nýrahnoðrakvilli, hækkuð gildi kreatíníns í blóði) sem valda því að þú hefur lítil sem engin þvaglát

Ef um er að ræða inndælingu eða leka á mítómýsín í umlykjandi vef (lyfið berst út fyrir æð)

- bólgur í bandvef (netjubólga)
- drep í vef (vefjadrep)

Sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum

- bólgur í slímhimnum (slímbólga)
- bólgur í slímhimnum í munni (munnbólga)
- niðurgangur
- hármisssir
- hiti
- minnkuð matarlyst

Mjög sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum

- lífshættuleg sýking
- blóðeitrun (sýklasótt)
- fækkun rauðra blóðkorna vegna óeðlilegs niðurbrots þeirra (blóðlýsublóðleysi)
- mar (purpuri) og rauðir og fjólubláir dílar (depilblæðing) á húð (blóðflagnafæðarpurpuri með segamyndun).
- hjartabilun eftir fyrri meðferð með krabbameinslyfjum (antrasýklín)
- hækkaður blóðþrýstingur í lungum, veldur t.d. andnauð, svima og yfirliði (lungnaháþrýstingur)
- sjúkdómur sem veldur stíflum í bláæðum lungna (þrenging í lungnabláæðum, PVOÐ)
- lifrarsjúkdómur (skert lifrarstarfsemi)
- hækkuð gildi lifrarensíma (transamínasa)
- gulnun húðar og hvítu í augum (gula)
- sjúkdómur sem veldur stíflum í bláæðum lifrarinnar (þrenging í bláæðum í lifur, VOD)
- útbrot um allan líkamann (almenn útbrot)
- tiltekin gerð nýrnabilunar (blóðlýsuþvageitrunarheilkenni, HUS) sem einkennist af eyðingu rauðra blóðkorna sem er hraðari en framleiðsla í eigin beinmerg (blóðlýsublóðleysi), bráðri nýrnabilun og fækkun blóðflagna
- tiltekin gerð blóðlýsublóðleysis af völdum þátta í smáæðum (blóðleysi vegna blóðlýsu í örfínum æðum, MAHA)

Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum

- sýking

pal (IS) Mitomycin medac, 40 mg, powder and solvent for intravesical solution

National version: 01/2024

- fækkun blóðfrumna (blóðleysi)

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Mitomycin medac

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum og öskjunni á eftir "EXP". Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25 °C.

Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Eftir blöndun skal nota lyfið strax.

Verjið blönduðu lausnina gegn ljósi.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Mitomycin medac inniheldur

- Virka innihaldsefnið er mítómýsín.
1 hettuglas með stofni fyrir lausn til notkunar í þvagblöðru inniheldur 40 mg af mítómýsíni. Eftir blöndun með 40 ml af leysi inniheldur 1 ml af lausn til notkunar í þvagblöðru 1 mg af mítómýsíni.
- Önnur innihaldsefni eru:
Stofn fyrir lausn til notkunar í þvagblöðru: Þvagefni
Leysir fyrir þvagblöðrulausn: Natríumklóríð og vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Mitomycin medac og pakkningastærðir

Mitomycin medac er grátt eða gráblátt duft.

Leysirinn er tær og litlaus lausn.

Mitomycin medac, duft og leysir fyrir þvagblöðrulausn (ídreypibúnaður) er fánlegur í pakkningum með 1, 4 eða 5 glærum hettuglösnum úr gleri (50 ml) með húðuðum gúmmítappa og álinnsigli. Ídreypibúnaður fyrir ídreypingu í þvagblöðru inniheldur einnig 1, 4 eða 5 PVC poka með 40 ml rúmmáli sem innihalda 9 mg/ml (0,9 %) natríumklóríð stungulyf, lausn. Settin fást með eða án holleggja og tengja (keilulaga að luer-læsingu).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

medac Gesellschaft für klinische Spezialpräparate mbH
Theaterstr. 6
22880 Wedel
Þýskaland
sími: +49 4103 8006-0
bréfasími: +49 4103 8006-100

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Holland, Írland, Ísland, Lettland, Litháen, Noregur, Pólland, Slóvakía, Svíþjóð, Tékkland:
Mitomycin medac

Þýskaland:
mito-extra

Ítalía, Portúgal:
Mitomicina medac

Slóvenía
Mitomicin medac

Bretland:
Mitomycin medac

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í janúar 2024.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:

Skammtar

Til eru margar meðferðaráætlanir fyrir ídreypingu mítómýsíns í þvagblöðru, þar sem munur er á skammtastærð mítómýsíns, tíðni ídreypinga og meðferðarlengd.

Ef annað er ekki tekið fram er skammtur mítómýsíns 40 mg með ídreypingu í þvagblöðru einu sinni í viku. Einnig má notast við meðferðaráætlanir með ídreypingu á 2 vikna fresti, mánaðarlega eða á þriggja mánaða fresti.

Sérfræðingurinn ákveður ákjósanlegasta skammtastærð, tíðni og lengd meðferðar hjá hverjum sjúklingi fyrir sig.

Ráðlagt er að nota lyfið við ákjósanlegasta sýrustig þess (sýrustig þvags > 6) og að viðhalda styrk mítómýsíns í þvagblöðrunni með því að draga úr neyslu vökva fyrir ídreypingu, meðan á henni stendur og eftir að henni lýkur. Tæma þarf blöðruna áður en ídreyping fer fram. Mítómýsínin er komið fyrir í blöðrunni með hollegg við lítinn þrýsting. Hver ídreyping skal vara 1 – 2 klst. Á þeim tíma á lausnin að vera í nægilega mikilli snertingu við allt slímhúðaryfirborð þvagblöðrunnar. Því á sjúklingur að hreyfa sig eins mikið og mögulegt er. Að 2 klst. liðnum skal sjúklingur tæma blöðruna til að losa lausnina eftir ídreypingu, helst í sitjandi stöðu.

Blöndun lausnar til ídreypingar í þvagblöðru sem er tilbúin til notkunar

Holleggur (og tengi [keilulaga að luer-læsingu]) skal vera til reiðu áður en blöndun lyfsins er hafin.

Leysið innihald eins hettuglass af Mitomycin medac (samsvarar 40 mg af mítómýsín) í 40 ml af sæfðu 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríð stungulyf, lausn. Innihald hettuglassins verður að leysast upp og mynda blá-fjólubláa, tæra lausn innan 2 mínútna.

Aðeins má nota tæra lausn.

Innihald hettuglassins er ætlað til notkunar/ástungu einu sinni. Farga verður ónotaðri lausn.

Eftir blöndun skal nota lyfið strax.


Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Sjá viðkomandi notkunarleiðbeiningar varðandi frekari upplýsingar um hollegginn.

Leiðbeiningar fyrir notkun leysis fyrir þvagblöðrulausn (ídreypibúnaður)


Myndir 1 – 8:

(1)




Rífið upp varnarhlífina en fjarlægið ekki alveg! Þannig helst endi ídreypikerfisins hreinn sem lengst.

(2)




Fjarlægið hetturnar af hettuglasinu og ídreypikerfinu. Hafðið sorppoka til reiðu.

(3)




Setjið hettuglasið á stöðugt yfirborð (t.d. borð) og þrýstið hettuglastengi í dreypikerfisins þéttingsfast beint niður á hettuglasið.

(4)




Athugið að snúa hettuglasinu 3 sinnum alla leið.

(5)




Brjótið búnaðinn í slöngunni í hettuglastenginu til að opna hann með því að beygja hann endurtekið fram og til baka. Þannig myndast tengingin. Haldið í slönguna en ekki hettuglasið meðan á þessu stendur!

(6)



Dælið vökvanum í hettuglasið, en fyllið það ekki alveg. Ef rennsli fæst ekki skal snúa hettuglasinu aftur þrisvar sinnum í hina áttina til þess að tryggja að skilrúmið hafa gatast á réttan hátt. Endurtakið þetta skref þar til rennsli fæst.

(7)



Snúið öllu kerfinu við. Dælið lofti úr ídreypikerfinu í hettuglasið sem er efst og dragið blönduðu mítómysín lausnina upp í ídreypikerfið. Fjarlægjið ekki hettuglasið.

(8)



Haldið ídreypikerfinu í uppréttri stöðu. Fjarlægið nú varnarhlífina alveg. Tengid hollegg (og tengi [keilulaga að luer-læsingu]) við ídreypikerfið. Brjótið nú innsiglið í slöngunni með því að beygja fram og aftur og dreypið lausninni í þvagblöðruna. Í lok ídreypingar skal losa hollegginn með því að þrýsta lofti í gegnum hann. Haldið ídreypikerfinu samankreistu og setjið ásamt holleggnum í sorppokann.